

Grafík
Prints

# ERRÓ

10. júní 2006 - 7. janúar 2007



## ERRÓ – GRAFÍK

Erró er meistari frásagnarinnar. Hann vinnur verkin sín í seríum eða myndaflokkum þar sem hann teflir saman myndbrotum af ýmsu tagi, úr myndasögublöðum, úr listasögubókum, úr tímaritum, af póstkortum. Samankomin á myndflötinn skapa þessi myndbrot nýja frásögn sem áhorfandanum er boðið að taka þátt í að búa til allt eftir áhuga hans þekkingu og menningu.

En það er ekki aðeins inntak verka Errós sem er fjölbreytilegt og kraftmikið, heldur er efniviður verka hans líka fjölbreyttur. Hann vinnur myndverk sín í samklipp (collage) málverk, vatnslitamyndir, grafíkverk, skúlptúra, emaleruð verk og jafnvel útskornar myndir. Í Errósafni Listasafns Reykjavíkur sem er að meginuppistöðu gjöf listamannsins til Reykjavíkurborgar frá árinu 1989, má finna alla þessa miðla, þar á meðal fjöldann allan af grafíkverkum.

Það eru þessi verk sem sýningin Erró – Grafík samanstendur af. Á sýningunni eru verk frá síðasta áratug síðustu aldar allt til dagsins í dag. Flest öll verkanna hafa einnig verið unnin sem málverk, líkt og grafíkverkin úr seríunni



Síðasta heimsókn Maó til Feneyja sem var fyrst sýnd á Feneyja tvíæringnum árið 2003 og byggð eru á eldri seríu eða Kínversku málverkunum frá árunum 1974-79 þar sem teflt er saman upphöfnum áróðursmyndum þóknanlegum kínverskum valdhöfum á þeim tíma og þeirri sýn á vestrænar borgir sem einkennir myndir á póstkortum og í ferðamanna bæklingum, myndrænir, fallegir staðir í veðurblíðu. Einnig eru á sýningunni verk sem tilheyra seríunni Háskakvendi (Femmes fatales) sem Erró hefur sýnt sem málverk og grafík víða um heim, ásamt nýrri verkum þar sem hann teflir saman myndum af brúðum og þekktum táknmyndum vestrænnar menningar svo sem Marilyn Monroe og Elvis Presley. Einnig má sjá á sýningunni nokkrar grafík myndir sem unnar voru upp úr veggskreytingu sem Erró gerði fyrir borgarstjórnarsalinn í ráðhúsinu í Lille í Frakklandi árið 1991 en hann var fenginn ásamt öðrum listamönnum til að skreyta ráðhúsið með myndverkum. Erró vann verkið á sinn hátt; klippti saman ýmsar myndir sem samsettar mynduðu brot úr sögu Lille sem síðan voru yfirfærðar sem veggmálverk, frá gólfi til lofts.

Listasafn Reykjavíkur hefur undanfarin ár staðið fyrir árlegum sýningum úr Errósafninu þar sem ýmsir þættir í list Errós eru skoðaðir ýmist inntakslega eða efnislega. Í þetta sinn var ákveðið að beina sjónum að grafík verkunum sem töluvert er af í safninu. Verkin eru frá ýmsum tímabilum en flest frá síðari árum, en Erró hefur af miklu örlæti verið að bæta við verkum í safnið – og í tilefni af þessari sýningu fékk safnið að gjöf um 35 ný og nýleg grafík verk frá listamanninum.

Þorbjörg Br. Gunnarsdóttir
Deildarstjóri safnadeildar



Ís handa Mao / Ice Cream for Mao, 2004

## ERRÓ – PRINTS

Erró is a master narrator with images. His works when viewed in series as he has created is somewhat like glancing through chapters of a colourful and complex story. He combines cut-outs from cartoon strips, art history books, magazines, and postcards and makes new visual episodes that seize viewers one way or the other regardless of their interests, prior knowledge and cultural background.

Not only is the subject matter of Erró's pieces diverse and powerful, the distinctive strength of each of his assembled image is revealed eloquently through the medium he chooses to use – be it collage, painting, aquarelle, print-making, sculpture, baked enamel or even carving, all of which are represented in the museum's collection that the artist donated to the city of Reykjavík in 1989.

The works shown in Erró – Prints are selected from the museum's collection. These are series that Erró has worked on for the past 30 years or so, with the earlier prints dating back to the 1970s and the most current ones from 2006. Erró reworks many of his prints from his existing paintings, in particular *Mao's Last Visit to Venice* series, which was first shown at the Venice Biennale in 2003, is based on an earlier painting series or The Chinese Paintings from 1974-79. Like in the paintings, the prints show interweaving propaganda pictures that were approved by the Chinese authorities at that time, with views of western cities taken from postcards and tourist brochures – the effect is projections of incompatible figures and places that are picturesque and beautiful and the mood bright like good weather conditions. In the exhibition there are also pieces belonging to the Femme Fatales series that Erró has also shown as



paintings, as well as newer works that he juxtaposes picture of a doll with Marilyn Monroe or Elvis Presley, who are pop icons that are universally recognisable. A few of the prints shown are based on the mural Erró did for an official room at the city hall of Lille, France. While the city council invited artists with Erró among them, to decorate the city hall with art works, he accepted the invitation and gave the room an attitude that is unmistakeably "Erró" – with images that told the history of Lille covering the walls from floor to ceiling.



Since the inauguration of the Reykjavík Art Museum, it has mounted annual exhibitions from its Erró Collection. The art of Erró is often looked at based on his subject matter or his choice of medium. In tandem with a gift of 35 new and recent prints to the museum from the artist, the exhibition presents Erró's earlier prints from various periods with his recent ones, to be seen collectively together for the first time.

**Þorbjörg Br. Gunnarsdóttir**
Head of Collection Department



Brúðkaupið / The Wedding, 2002

## GUÐMUNDUR GUÐMUNDSSON - ERRÓ

Guðmundur Guðmundsson – sem síðar meir tók upp nafnið Erró – fæddist í Ólafsvík árið 1932. Hann lauk teiknikennaraprófi frá Handíða- og myndlistarskólanum árið 1951. Árið 1952 til 1954 var hann við nám í Listaakademíunni í Osló. Á þessum árum fór hann í námsferðir til Spánar og Ítalíu þar sem hann sótti söfn og skoðaði sýningar og kynntist m.a. list Hieronymus Bosch. Árið 1954 hóf Erró nám við Listaakademíuna í Flórens og árið eftir var hann við nám í gerð mósaíkmynda í Ravenna. Fyrsta einkasýning Errós var haldin árið 1955 í Flórens. Árið 1958 fluttist hann til Parísar þar sem hann býr enn þann dag í dag.

Erró hefur ferðast mikið og dvalið víða og unnið að list sinni og haldið sýningar. Á ferðum sínum hefur hann safnað að sér alls konar myndum (auglýsingum, fréttamyndum, myndasögum, veggspjöldum, pólitískum bæklingum) sem eru einskonar uppspretta fyrir myndlist hans. Hann velur myndir úr 'myndabanka' sínum og raðar saman í samklipp sem síðan er fært upp á strigann til að mynda málverk. Þessi verk eru ekki einungis til að skoða heldur einnig til að lesa, en verk Errós eru álitin vera hluti af hreyfingu sem kennd er við Frásagnarmálverkið (Narrative Figuration).

Verk hans eru í söfnum út um allan heim og fjöldi verka hans í opinberri eigu. Árið 1999 var haldin stór yfirlitssýning á verkum hans í franska þjóðlistasafninu Jeu de Paume í París og 2001 var haldin yfirgripsmikil sýning á verkum Errós í eigu Listasafns Reykjavíkur í hinu ný uppgerða Hafnarhúsi, en Erró gaf Reykjavíkurborg stóra listaverkagjöf árið 1989 sem er uppistaðan í Errósafni Listasafns Reykjavíkur. Erró sem dvelur til skiptis í París, á Formentera og í Tælandi er enn mjög mikilvirkur í listsköpun sinni og sýningarhaldi. Í Frakklandi hafa verið haldnar ótal sýningar á verkum Errós og á árinu 2006 eru þegar áætlaðar sýningar á verkum hans í Kaupmannahöfn, í Valencia og Madrid.

Erró – was born 1932 in Ólafsvík on the northwestern coast of Iceland. He graduated as a teacher in arts from the Fine Art School of Reykjavík in 1951. In the years 1952-1954 he studied at the Academy of Fine Arts in Oslo, Norway, where he participated in study trips to Spain and Italy and experienced the art of Hieronymus Bosch among others in museums and exhibitions. In 1954 he enrolled in the Academy of Fine Art in Florence, and the following year he studied at an art college in Ravenna where emphasis was placed on mosaic. Erró decided to settle in Paris in 1958 where his work eventually became known as part of the Narration Figuration Movement.

Erró travels a lot and has been living and working in several places for longer or shorter periods at a time. In the course of his travels around the world he has collected a vast amount of images or clippings from comics, postcards, advertisements, newspapers and all kinds of brochures. This 'collection of images' serves as a source for his works that he makes collages from and later piles up to the canvas at his liking. His canvases are intended to be read as much as viewed.

Erró's works can to be found in museums and public collections all over the world. In 1999 there was a large scale retrospective exhibition of his works in National Gallery Jeu de Paume in Paris and an extensive exhibition here in Hafnarhús of The Reykjavík Art Museum in 2001. Erró donated a large collection of his works to the City of Reykjavík in 1989, which serves as the foundation for the Erró collection of the museum. Erró divides his time between Paris, Formentera and Thailand, and remains tremendously inspired and active as an artist. It is still quite common to come across exhibitions of Erró's works in France. In 2006 there will be exhibitions of his works in Copenhagen, Valencia, and Madrid as well.



Opnunartími í Hafnarhúsi og á Kjarvalsstöðum alla daga kl. 10 – 17.
Opnunartími í Ásmundarsafni maí – september kl.10-16 og október – apríl kl.13-16.

Aðgöngumiðinn gildir samdægurs í öll húsin.
Alla sunnudaga kl. 15 er ókeypis leiðsögn í Hafnarhúsinu.

Hafnarhus and Kjarvalsstadir are open every day from 10 am – 5 pm.
Asmundur Sveinsson Sculpture Museum (Asmundarsafn) is open from 10 am – 4 pm (May – September) and 1 pm – 4 pm (October – April).

The entrance ticket gives access to exhibitions at all three museums on the same day.

ICELANDAIR
Morgunblaðið

Listasafn Reykjavíkur / The Reykjavík Art Museum - HAFNARHÚS, Tryggvagata 17, 101 Reykjavík
www.listasafnreykjavikur.is - listasafn@reykjavik.is - sími (+354) 590 1200 - fax (+354) 590 1201

LISTASAFN REYKJAVÍKUR
REYKJAVIK ART MUSEUM